

**Ársskýrsla**  
**Verkmenntaskóli Austurlands**  
**2014**

*Samvinna – þekking - árangur*



## Yfirlit

**Fjöldi nemenda og starfsmanna:** Nemendaígildi á vorönn voru 170,4 en 177,7 á haustönn. Á ársgrundvelli voru 30 stöðugildi við skólann.

**Námsframboð:** Námsbrautir á vorönn voru 21 en 19 á haustönn

**Framkvæmd markmiða:** Vel gengur að ná markmiðum skólasamnings en brottfall er þó heldur meira árið 2014 en 2013.

**Umbótaþættir eftir sjálfsmat:** Sjálfsmatskýrsla 2010-2012 og umbótaráætlun 2013-2016

**Afkoma, rekstrarstaða:** Höfðustóll jákvæður í ársbyrjun sem nemur 19.218 millj. og áætlaður jákvæður um 11 millj. í árslok.

**Brottfall:** Var 5,7% á vorönn en 4,8% á haustönn.

**Stjórnun:** Skólameistara skipti urðu á miðju ári 2013. Árið 2014 var því fyrsta heila ár Elvar Jónssonar í starfi.

**Samvinna við aðra:** Samstarf við Austurbrú, Fjarðabyggð og aðra framhaldsskóla

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Kynning á skólanum með því að standa fyrir viðburðum og ber þar sérstaklega að nefna Verknámsviku og Tæknidag fjölskyldunnar

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2014. Árið var mjög viðburðarrík og var mikill áhersla lögð á að kynna skólann og það nám sem hann hefur uppá að bjóða.

## 2. Nemendafjöldi, kennslumagn, námsframboð

### Vorönn 2014

#### Ýmsar upplýsingar

- 229 nemendur
  - 116 kvenkyns
  - 113 karlkyns
- 2989 kenndar einingar
- 170,4 nemendaígildi
- 5,7% brottfall

#### Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 1997	28
Nemendur fæddir 1996	34
Nemendur fæddir 1995	45
Nemendur fæddir 1994	22
Eldri nemendur	100
<b>Heildarnemendafjöldi:</b>	<b>229</b>

Meðalaldur nemenda er 24,9 ár

### Skipting nemenda eftir námsbrautum

Braut	Heiti brautar	Fjöldi
ÁNB	Án brauta	23
FB	Framhaldsskólabraut 1	12
FÉ	Félagsfræðibraut	55
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreinar	1
GMV	Grunnnám málm- og véltæknigreina	11
GR	Grunnnám rafíðna	16
HG8	Hársnyrtiiðn - samningsbundið iðnnám	2
HÚ8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	13
LL	Námsbraut fyrir leikskólaliða	9
LLB	Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum - brú	1
MG	Grunnnám málmíðna	7
MHÁ	Meistaránám í hársnyrtiiðn	1
MKJ	Meistaránám í kjólasaumi	1
MVS	Meistaránám í vélvirkjun	1
NÁ	Náttúrufræðibraut	27
RK9	Rafvirkjun - samningsbundið iðnnám	5
SG	Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum	7
SJ	Sjúkraliðabraut	26
SK	Skólaliðabraut	1
ST1	Starfsbraut 1	6
ST3	Starfsbraut 3	2
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs	2

### Haustönn 2014

#### Ýmsar upplýsingar

- 230 nemendur
  - 121 kvenkyns
  - 109 karlkyns
- 177,7 nemendaígildi
- 3110 kenndar einingar
- 2,3 nemendaígildi í kvöldskóla - iðnmeistaránám
- 4,8% brottfall
- 12 nemendur eru í undirbúningsnámi til viðurkennds bókara – nám sem kennt var haust 2013 og haust 2014

### Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 1998	33
Nemendur fæddir 1997	21
Nemendur fæddir 1996	33
Nemendur fæddir 1995	27
Eldri nemendur	116
<b>Heildarnemendafjöldi:</b>	<b>230</b>

Meðalaldur nemenda er 26,2 ár

### Skipting nemenda eftir námsbrautum

Braut	Heiti brautar	Fjöldi
ÁNB	Án brauta	22
FB	Framhaldsskólabraut 1	6
FÉ	Félagsfræðibraut	48
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreinar	6
GMV	Grunnnám málm- og véltæknigreina	12
GR	Grunnnám rafiðna	20
HÚ8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	6
LL	Námsbraut fyrir leikskólaliða	8
MHÚ	Meistaránám í húsasmíði	3
MVS	Meistaránám í vélvirkjun	1
NÁ	Náttúrufræðibraut	24
SG	Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum	16
SJ	Sjúkraliðabraut	29
SK	Skólaliðabraut	1
ST1	Starfsbraut 1	9
ST2	Starfsbraut 2	1
VS8	Vélvirkjun - iðnnám á verknámsbraut	5
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs	5
VVB	Vélstjórnarbraut B	8

### Skipting nýnema (1998) eftir búsetu

Fáskrúðsfjörður	Egilsstaðir	Reyðarfjörður	Eskifjörður	Neskaupstaður
1	1	4	7	19

### 3. Starfsmannahald

Starfsmenn við stofnunina skiptast eftirfarandi:

- ✚ Skólameistari
- ✚ 30 kennarar í 20,3 stöðugildum á vorönn
- ✚ 29 kennarar í 21,1 stöðugildum á haustönn
- ✚ Áfangastjóri í 0,9 stöðugildi á vorönn en í 1 á haustönn
- ✚ 1 kennari var í námsleyfi á vorönn
- ✚ Námsráðgjafi í 0,75 stöðugildi á vorönn en í 1 á haustönn
- ✚ Fjármálastjóri, skólafulltrúi og húsvörður í 3 stöðugildum
- ✚ Kerfisstjóri í 0,5 stöðugildi
- ✚ 3 ræstitæknar í 2,5 stöðugildi
- ✚ Heimavistarstjóri og matráður í 1,5 stöðugildi

Skólameistara skipti urðu á miðju ári 2013. Árið 2014 var því fyrsta heila ár Elvars Jónssonar sem skólameistara.

Á ársgrundvelli voru 30 stöðugildi við skólann og meðal starfsaldur rúmlega 10 ár. Allir sem kenna 50% eða meira eru með kennsluréttindi fyrir utan fjóra og af þeim eru tveir í kennsluréttindanámi.

Þegar stöðugildi v/ kennslu eru skoðuð sést að margir kennarar eru í lágu starfshlutfalli (25-40%). Með þessu móti tekst að manna þá kennslu sem þarf til að bjóða fjölbreytt nám og er þá sérstaklega átt við iðnnámið.

Undanfarin ár hefur VA boðið upp á fjarnám með vinnu og þá í gegnum fjarfundabúnað og kennsluvef. Þarna hafa stórir hópar farið í gegn og orðið skólanum lyftistöng. Skólinn leitar nú nýrra tækifæra á þessum markaði bæði einn og sér og í samvinnu við samstarfsskóla í Fjarmenntaskólanum.

## 4. Framkvæmd skólasamnings, verkefni og styrkir

### Skólasamningur

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015. Viðauki er með samningnum þar sem markmið eru tímasett. Allt hefur þar staðist nema að brottfall var heldur meira á síðasta ári en árið 2013 (Verkfall framhaldsskólakennara hefur þar eitthvað að segja varðandi vorönnina). Einnig hefur ekki enn orðið af rýnifundum með kennurum unglingastigs í grunnskólum Fjarðabyggðar en markmiðið var að hafa slíka fundi að vori 2013 og 2014. Þó hefur verið unnið að undirbúningi þessara funda m.a. gerðu kennarar VA lista á starfsdegi í ágúst 2013 yfir þau málefni sem þeir vilja ræða við grunnskólakennara. Vegna verkfalls framhaldsskólakennara varð ekki af fyrirhuguðum fundi sem var búið að skipuleggja á vorönn 2014. Annað hefur verið framkvæmt sem tilheyrði árinu 2014 m.a. Tæknidagur fjölskyldunnar, kynningarheimsóknir og verknámsvika.

Samkvæmt viðaukanum á allt nám í VA að vera í samræmi við aðalnámsskrá 2011 að hausti 2015. Að þessu var unnið á árinu 2014 – gerð var tímasett áætlun fram á haustið 2015 og áfangastjóri hækkaður í starfshlutfalli með það að markmiði að vinnan við innleiðingu verði markvissari.

### Styrkir og þróunarverkefni:

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar.

- ✚ Styrktarsjóður SÚN, Síldarvinnslan og Olíusamlag útvegsmanna veittu skólanum styrki til kaupa á búnaði vegna innleiðingar á vélstjórnarbraut.
- ✚ Styrktarsjóður SÚN, Síldarvinnslan, Olíusamlag útvegsmanna, Fjarðabyggð og Alcoa Fjarðarál veittu skólanum styrki til kaupa á búnaði vegna uppsetningar á hátækni smíðastofu (Fab-Lab).
- ✚ Leikfélagið Djúpið í VA fékk góða styrki frá: SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð, Sparisjóði Norðfjarðar og SVN.

### **Þróunarverkefni:**

Skólinn tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra.

- ✚ Samstarf er við Austurbrú og Háskólann í Reykjavík um notkun á styrk frá Alcoa Fjarðaáli til eflingar verk- og tæknimenntunnar.
- ✚ Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar, nýsköpunaráfanga, vélfræði fyrir vélamenn og tæknistudds náms fyrir fullorðna.
- ✚ Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku.
- ✚ Fjarmenntaskólinn. Samvinna við aðra framhaldsskóla varðandi námsframboð í fjarnámi. Fjarmenntaskólinn fékk m.a. tvo styrki á árinu úr Sprotasjóði.
- ✚ Samstarf við Borgarholtsskóla við þróun á framhaldsnámi fyrir leikskólaliða.
- ✚ Samstarf við Tækniskólann, Iðnskólann í Hafnarfirði, FNV, MÍ, VMA og FS við gerð námsbrautar í hársnyrtiiðn.
- ✚ Samstarf við MÍ og FNV til að vinna sameiginlega að gerð námsbrautar í vélvirkjun sem tekur tillit til samkeyrslu við vélstjórnarbraut B – stigs.



## 5. Ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 19.218 millj.

### Leiðréttingar fyrir árið 2014:

- Vegna námsorlofs 3.644 millj.
- v/launabóta 4.495 millj.
- v/styrkingar rekstrar v/endurskoðunar á nemendafj. 2.843 millj

*Greiðsla vegna uppgjörs á starfsbraut hefur ekki borist þegar þessi skýrsla er gerð en VA á von á 3 til 4 millj. í rekstur starfsbrautar v/ árs 2014*

Höfuðstóll í árslok 2014 er áætlaður 11 millj. (*sjá um starfsbraut hér að ofan*)

Fjárheimild VA árið 2014	
Höfuðstóll frá 2013	19.218
fjárlög ársins 2014	259.200
leiðréttingar innan ársins	10.982
	289.400

*Í fjárheimild vantar  
greiðslur til VA vegna  
starfsbrautar*

Áætlaður rekstur VA 2014	
aðrar rekstrartekjur	5.157
sértekjur	31.026
launagjöld	211.661
almennur rekstur	105.310
	280.788

*Sértekjur ársins 2014 eru óeðlilega háar vegna styrkja sem VA safnaði v/ kaupa á tækjum og tölvum til hátæknismiðju og vélstjórnar.*

## 6. Sjálfsmat

Lengst af hefur sjálfsmatsnefndin starfað eftir viðmiðum menntamálaráðuneytisins *Sjálfsmat skóla - leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar* (Menntamálaráðuneytið 1977) og má segja að það sem þar kemur fram heldur gildi sínu enn þann dag í dag borið saman við það sem fram kemur bæði í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (Rg. 700/2010) og aðalnámskrá framhaldsskóla. Sjálfsmatið hefur alla tíð verið kerfisbundið og gagnvirkt. Dæmi um þetta er að þegar skipulagðir eru stórir viðburðir í skólanum s.s. árshátíð eða opnir dagar þá liggja fyrir kannanir frá fyrri slíkum viðburðum og er ávallt leitast við að taka tillit til athugasemda sem þar koma fram. Ekki má gleyma áfangamati sem fram fer í lok hverrar annar, þar sem metinn er einn áfangi hjá hverjum kennara. Í sjálfsmatsskýrslu 2010-2012 er að finna tímasetta umbótaráætlun fyrir tímabilið 2013-2016. Skýrslan er á heimasíðu skólans.

## 7. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans

Á árinu 2014 voru gerðar nokkrar endurbætur á húsakynnum og búnaði skólans. Ber þar fyrst að nefna að hátæki smíðastofa var tekin í notkun á árinu og var formlega vígð á Tæknidegi fjölskyldunnar þann 8. nóvember. Talsverðar breytingar þurfti að gera á húsnaðinu t.d. varðandi loftræstingu og færa til veggj. Keyptur var inn búnaður t.d. laserprentari, stór og lítill fræsari, þrívíddarprentari og tölvur. Félagsaðstaða nemenda var endurbætt t.d. voru keypt ný húsögng og rýmið málað. Eldhúsið í heimavist var lagfært – færðir til vaskur o.fl.. Einnig voru framkvæmdir utanhúss og ber þar helst að nefna að kantsteinar á bílastæðum voru endurnýjaðir og elsti hluti bóknámshús málaður.

## 8. Áherslur í kennslu og starfssemi skólans

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2014. Grunnskólar komu í heimsókn og voru einnig sóttir heim og nemendur skólans voru mjög sýnilegir í samfélaginu. Sérstök áhersla var lögð á að kynna verknámið t.d. var verknámvika haldin í annað sinn. Um er að ræða samstarf við vinnuskóla Fjarðabyggðar þar sem skipulögð er heil vinnuvika í byrjun júní þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem ljúka 9. bekk komu til vinnu í verknámsdeildum VA. Sjö öflug fyrirtæki í Fjarðabyggð standa við bakið á verkefninu með fjárstuðningi en skólinn og kennarar hans sjá um allt skipulag á vettvangi. Sveitarfélagið greiðir svo nemendum laun. Þessi hugmynd kviknaði í skólaferð VA til Svíþjóðar vorið 2012. Óhætt er að segja að verkefnið hafi vakið mikla athygli og hafa aðir skólar og sveitafélög sýnt því áhuga. Ljóst er að þetta verkefni er komið til að vera.

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í annað sinn í nóvember. Dagurinn var haldinn í húsnæði skólans og voru nemendur og kennarar með ýmis verkefni til sýnis ásamt því sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýndu tæknibúnað o.fl.. Menntamálaráðherra var heiðursgetur að þessu sinni. Undirbúningur fyrir næsta Tæknidag er þegar hafinn enda er þessi dagur kominn til að vera og stefnt á að halda hann á haustönn ár hvert.

Ekki er hægt að tala um að um sérstakar áherslur í kennsluháttum hafi verið að ræða á árinu 2014 en þó má nefna að í fyrsta skipti voru teknir upp vinnustofudagar á miðri önn og við lok annar. Vinnustofudagar nýtast nemendum til að vinna að verkefnum sem á að skila í tengslum við miðannarmat eða lokamat og fyrir miðannar- og lokapróf. Almenn ánægja var með þessa vinnustofudaga hjá nemendum og starfsfólki.

Talsverð fjölbreytni er í námsmati og kennsluaðferðum við skólann og svokölluðum símatsáföngum hefur fjölgað.

Haustið 2011 varð VA heilsueflandi framhaldsskóli. Skólanum hlotnaðist bronsið fyrir næringu vorið 2012, silfur árið 2013 fyrir hreyfingu og silfur fyrir geðrækt árið 2014.

## 9. Lokaorð

Glögg má sjá við lestur þessarar skýrslu að árið 2014 var viðburðarríkt í Verkmenntaskóla Austurlands. Framkvæmd markmiða í skólasamningi hefur hleypt auknu lífi í starfssemi skólans og mætti þar helst nefna Verknámsvikuna og Tæknidaginn. Rekstur skólans er nokkuð öruggur og innan fjárheimilda þó gangi á höfuðstól milli ára.

Úttekt var gerð á starfsemi skólans í nóvember en niðurstöður úr henni eru ekki komnar þegar þetta er skrifað. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Fjarðabyggð 6. mars 2015.*

  
 VERKMENNTASKÓLI  
AUSTURLANDS  
PÓSTHÓLF 202, 740 MERKAMPSTAÐUR

---

*Elvar Jónsson*  
*skólameistari*  
*Verkmenntaskóla Austurlands*